

FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá Íslenska söfnuðinum í Noregi, Íslendingafélögum og kórum.

Vel mætt í helgihald safnaðarins

Góð mæting var í helgihald safnaðarins á aðventunni og um jólin þar sem alls mættu rúmlega 1100 manns. Helgihald safnaðarins byrjaði á glæsilegri aðventuhátíð í Høvik kirkju á Óslóarsvæðinu. En það var listanefnd safnaðarins sem skipulagði metnaðarfulla dagskrá í samstarfi við Ískórinn. Fram komu stórsöngvararnir Dóra Steinunn Ármannsdóttir, Margrét Brynjarsdóttir, Daníel Daníelsson og Eyjólfur Eyjólfsson, ásamt Ískórnum. Strengjasveit spilaði undir söngnum en það var konsertmeistarinn Hjörleifur Valsson sem stjórnaði tónlistinni og Pröstur Eiríksson, kantor, lék á orgelið. Það var hin ástsæla leikona, Edda Björgvinsdóttir sem flutti hátíðarræðu á hátíðinni og vakti mikla ánægju kirkjugesta. Fallegir jólatónar hrifu kirkjugesti og enginn komst hjá því að finna jólasþap- íð. Undir lokin var sunginn sálmurinn „Heims um ból“ þar sem tónlistarfólkið ásamt börnum og fullorðnum kirkjugestum sameinuðust í söng.

Prestar safnaðarins voru með jólamessur úti á landi, í Bergen, Stavanger, Prándheimi, Drammen, Ósló og Kristiansand. Listanefnd safnaðarins hafði skipulagt fallega dagskrá fyrir helgihaldið úti á landi. Það var fjöldi tónlistarfólks sem kom að helgihaldinu á landsbyggðinni og má þar nefna Sönghópinn í Bergen, Ískórinn, Kór Kjartans,



tenórinn Rúnar Þór Guðmundsson, söngvaskáldið Ómar Diðriksson, Gróa Hreinsdóttir og Hjörleifur Valsson sem jafnframt hafði umsjón með listrænni stjórnun í jólahelgihaldi safnaðarins. Andi jólanna sveif yfir kirkjugestum og börnin nutu sín í jólasunnudagaskólanum þar sem þau heyrðu jólasögu og sungu íslensk jólalög. Mikil eftirvænting og gleði skein úr augum barnanna að fá að dansa í kringum jólatréð og hitta jólasvein, en það voru Íslendingafélögin í samstarfi við söfnuðinn á hverjum stað sem stóðu fyrir jólaböllum eftir jólamessurnar ásamt því að hafa umsjón með kaffiveitingum.

Prestar og sóknarnefnd þakkar Íslendingafélögunum, safnaðarfulltrúum um landið allt og öllum þeim sem komu að jólahelgihaldi safnaðarins, kærlega fyrir þeirra mikilvæga framlag.

Ólafíustofa

er opin mánudaga –
fimmtudaga frá kl.10 -14.

Kyrrðar- og íhugunarstund
alla fimmtudaga
kl. 12:15-12:30.

Foreldramorgnar alla
fimmtudaga kl. 10-12.

AA fundir
á fimmtudögum kl. 19.

Alanon fundir
á fimmtudögum kl. 20.

Ískórinn æfir alla
miðvikudaga kl 18-20.30.



Landsmót ÆSKP í Vestmannaeyjum

Á hverju ári er haldið landsmót á vegum Æskulýðsfélaga Þjóðkirkjunnar (ÆSKP). Síðasta landsmót fór fram dagana 23.-25. október s.l. í Vestmannaeyjum, þar sem að á sjöunda hundrað unglínga á aldrinum 13-16 ára, frá starfandi æskulýðsfélögum út um allt land og í Noregi, voru saman komin. Þema landsmóts var „geðveikt landsmót“ þar sem áhersla var á umræðu og fræðslu um geðheilbrigði. Frá árinu 2009 hefur verið góðgerðarþema á landsmóti þar sem þátttakendur safna fyrir ýmsum góðgerðarmálum. Að þessu sinni var safnað í Hemma- og Pollasjóð. Hemmasjóður styrkir börn og unglínga frá efnaminni fjölskyldum í íþróttastarf en Pollasjóður í tónlistarnám. Á landsmóti er fjölbreytt

og skemmtileg dagskrá sem allir eiga að geta tekið þátt í sem bæði skapar góðar minningar og styrkir gott málefni á sama tíma.

Á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi fór 40 manna hópur á landsmótið og gekk ferðalagið vel og ungmennin voru til fyrirmyndar. Við hlökkum til að fara á næsta landsmót sem haldið verður á Akureyri í október 2016. Við minnum á að Íslenski söfnuðurinn í Noregi er með facebook hóp „Æskulýðshópur Íslenska safnaðarins í Noregi“ þar sem allir unglíngar sem búsettir eru í Noregi eru velkomnir að vera meðlimir í og taka þátt í umræðum og fylgjast með því sem gerist í unglíngastarfinu okkar. Endilega bætið ykkur í hópinn okkar.



60 ára og eldri hittast einu sinni í mánuði yfir veturinn þar sem boðið er upp á hádegisverð, kaffi og spjall. Samverustundirnar byrja **kl. 12:15** á kyrrðar- og bænastund í Ólafústofu, Pilestredet Park 20. Fundir vorannarinnar verða **14. janúar, 11. febrúar, 10. mars, 7. apríl og 12. maí**. Það er um að gera að mæta í Ólafústofu með handavinnuna eða koma og lesa íslensk dagblöð og ræða málefni líðandi stundar í góðum félagsskap. Allir 60 ára og eldri hjartanlega velkomnir!

Á döfinni hjá Íslendingafélaginu í Ósló:

Hið árlega þorablót verður haldið á Fabrikken í Ósló, laugardaginn 13. febrúar. Allar upplýsingar um blótið er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins með slóðinni: www.islendingafelagid.no

Aðalfundur Íslendingafélagsins í Ósló verður haldinn mánudaginn 4. apríl kl. 20:00 í Ólafústofu, þar sem kosinn verður formaður og meðlimir í stjórn og nefndir félagsins. Félagsgjöld fyrir 2016 voru send út í byrjun árs og eru allir þeir sem greitt hafa kjörgengir.

Húsnefnd Íslendingafélagsins stendur að venju fyrir sinni árlegu vor vinnuferð í Norefjell helgina 20. til 22. maí. Aðalverkefni ferðarinnar verður að mála bakhlið hússins en annars verður nóg af skemmtilegum verkefnum. Íslendingafélagið auglýsir sérstaklega eftir rafvirkjum, pípulagningarmönnum, smiðum, málurum og þúsundþjalasmiðum. Boðið verður upp á léttan hádegisverð báða dagana, köku með kaffinu og veglega máltíð á laugardagskvöldinu. Húsnefndin ítrekar að vinnuferðirnar eru fjölskylduvænar helgar og því tilvalið fyrir fjölskyldufólk að taka ungvíðið með sér. Vorferðin verður auglýstur nánar á facebook síðu húsnefndar: www.facebook.com/Islandingahusid

Stjórn Íslendingafélagsins.

Nýtt ár – Ný sýn

Kæru samlandar!

Gleðilegt ár og hjartans þakkir fyrir gjöfuga samfylgd síðasta árs.

Á köldum, dimmum vetrar dögum þarf ljósið hið innra að skína hvað skærast. Hið ytra ljós, sólarljósið lætur á sér standa á sama tíma og horft er mót nýju ári. Þetta eru merki- legar andstæður. Von og elja ásamt reynslu árána gefur vitund um að sól muni aftur hækka á lofti og vorilmurinn er handan við hornið. Þannig er það í lífinu yfirleitt. Dimmir dagar lífsgöngunnar eru hluti af hinu lifaða lífi, framhjá erfiðri reynslu verður ekki skautað í þessu ferðala- gi lífsins. Tilgangsleysi tilverunnar á erfiðustu stundum lífsins getur virst algjört og þá er gott að eiga sér vitund, trú og örhlitla von sem árstíðirnar vitna svo sterkt um; á eftir vetrinum kemur vor og sumar og efalaus trúin segir okkur að sólargeislarnir fái að brjótast fram innan tíðar.

Að hafa trúarneista sem knýr ljósið hið innra á myrkum dögum lífsins er gjöf sem best er að næra í kærleiksríku samfélagi. Trúarneisti knýr fram nýja sýn sem kemur auga á ný tækifæri og nýja möguleika. Þessi neisti gefur vonarsýn um að á nýju ári birtist skilningur og sátt sem vert er að gefa gaum og sækjast eftir. Upprisan er handan við hornið og í upprisuljósinu skapast efalaus trú um að allt milli himns og jarðar hafi æðri tilgang.

Treystum því að Guð geri alla hluti nýja eins og segir í Davíðssálm 51.:

„Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð og veit mér nýjan, stöðugan anda.“ (Sl. 51.12)

Megi árið 2016 færa þér nýja reynslu og nýja sýn.

Guð blessi þig og varðveiti á nýju ári!

Sr. Arna Grétarsdóttir sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi.

Hjóna- og paranámskeið verður haldið í Ólafíustofu þann 5. mars n.k. kl. 15.

Farið verður í samskipti sem efla ást og vináttu og kennd verða fimm tungumál kærleikans.

Námskeiðið endar á kærleikskvöldi þar sem valin hjón segja frá reynslu sinni og farið verður út að borða á veitingarstað. Eins er hægt að hafa samband við skrifstofu varðandi ódyra hótalgistingu.

Kostnaður við námskeiðið er greiðsla á kvöldverði og hótalgistingu sem hjónin sjá sjálf um. Námskeiðið sjálft er í boði safnaðarins. Látið vita við skráningu hvort farið er út að borða.

Leiðbeinendur á námskeiði eru sr. Arna Grétarsdóttir og Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur. Fjöldi þátttakenda takmarkast við 7 pör.

Skráningu og fyrirspurnir skal senda á prestur@kirkjan.no

12 sporin – Andlegt ferðalag í Ólafíustofu á þriðjudögum

Kynningarfundur verður haldinn í Ólafíustofu, Pilestredet Park 20, þriðjudaginn 16. febrúar kl. 19:30-21:30, og opnir fundir næstu þrjú þriðjudaga á eftir. Eftir það er hópnum lokað en það er í eðli starfsins að það er unnið í lokuðum sjálfstæðum hópum þar sem trúnaður myndast. Áhugasamir geta kynnt sér efnið nánar á síðunni: www.viniribata.is. Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir leiðir kynningarfundina og verður stuðningur við hópastarfið.

Ólafíustofa, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló. Opnunartími: Mánudaga-fimmtudaga frá kl. 10-14.

Starfsmaður: Inga Erlingsdóttir starfsmadur@kirkjan.no sími 223 60 140


Sóknarprestur: Sr. Arna Grétarsdóttir prestur@kirkjan.no Sími: 957 53 390
Símatími virka daga milli kl. 10-11 (nema mánudaga)

Prestur: Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir fraedsla@kirkjan.no Sími: 966 89 198
Símatími virka daga milli kl. 14-15 (nema þriðjudaga).

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af Þjóðkirkju Íslands. Að jafnaði er þjónusta safnaðarins meðlimum að kostnaðarlausu. Þau sem vilja skrá sig í eða úr söfnuðinum hafi samband við skrifstofu safnaðarins.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu safnaðarins: www.kirkjan.no

Sunnudagaskólar eru starfandi um landið. Sjá á heimasíðu safnaðarins: <http://www.kirkjan.no/kirkjustarf/sunnudagaskoli-og-barnastarf-26/>



Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum í Nordberg kirkju í Ósló

- 24. janúar Messa í Nordberg kirkju kl. 14. Ómar Diðriksson, Ískórinn og Hjörleifur Valsson. Örþing um tónlistarmál safnaðarins eftir messu. Margrét Bóasdóttir ræðir kirkjutónlistarmál, opin umræða.
- 7. febrúar Messa í Margareta kirkju sænska safnaðarins í Ósló kl. 11. Norræn messa sem fer fram á íslensku, finnsku, sænsku og norsku. Sunnudagaskóli og kirkjukaffi.
- 5. mars Hjóna- og paranámskeið í Ólafíustofu. Skráning hjá prestur@kirkjan.no.
- 6. mars Hjóna- og paramessa í Nordberg kirkju kl. 14. Messan er tileinkuð ástinni og hjónabandinu. Sunnudagaskóli og kirkjukaffi.
- 24. mars Skírdagur. Kvöldmessa kl. 18 í Ólafíustofu. Súpa og brauð.
- 28. mars Annar í páskum. Hátíðarmessa kl. 14 í Nordberg kirkju. Upprisan. Sunnudagaskóli og kirkjukaffi.
- 24. apríl Messa og aðalfundur safnaðarins kl. 14 í Nordberg kirkju. Gleðin. Sunnudagaskóli og kirkjukaffi.
- 16. maí Annar í hvítasunnu. Messa kl. 14. í Nordberg kirkju. Ferming. Sunnudagaskóli og kirkjukaffi.
- 18. júní Hátíðarmessa og Lýðveldishátíðargleði. Nánar auglýst síðar.
- 3. júlí Fermingarmessa á vegum safnaðarins kl. 11 í Seltjarnarneskirkju. Fermingarbörn búsett í Noregi verða fermd í messunni.

Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum úti á landsbyggðinni

- 21. febrúar Messa í Olavs kapelle í Sandar menighet í Sandefjord kl. 14.
- 6. mars Messa í Skjold kirkju í Bergen kl. 14.
- 13. mars Messa í Hellemyr kirkju í Kristiansand kl. 14.
- 20. mars Messa í Varden kirkju í Stavanger kl. 14.
- 3. apríl Fjölskylduguðsþjónusta í Østre Fredrikstad kirkju í Fredrikstad kl. 14.
- 29. apríl – 1. maí Fermingarnámskeið í Svíþjóð.
- 29. maí Messa í Varden kirkju í Stavanger kl. 14. Fermt verður í messunni.
- 5. júní Messa í Bakke kirkju í Prándheimi kl. 14. Sjómannadagurinn.
- 5. júní Messa í Elverhøy kirkju í Tromsø kl. 14. Sjómannadagurinn.
- 19. júní Messa í Bergen, nánar auglýst síðar. Lýðveldishátíðarhöld.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Sunnudagaskólar eru starfandi um landið og eru venjulega á sama tíma og messa er auglýst á hverjum stað fyrir sig.

Sjá á heimasíðu safnaðarins www.kirkjan.no/kirkjustarf/sunnudagaskoli-og-barnastarf-26/

Fylgist með á www.kirkjan.no eða á [Facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/IslenksiSofnuourinnINoregi).

Spakmæli úr Biblíunni:

„Fel Drottni vegu þína og treyst honum, hann mun vel fyrir sjá.“

(Sálmarir 37:5)

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:
Hrafnhildur Brynjarsdóttir
hrafnhildurb80@yahoo.com

Utgiver og returadresse:
Den islandske menigheten i Norge,
Pilestredet Park 20,
0176 Oslo